

Öryggi þegar tekið er við greiðslu með korti

Almenn viðskipti



Flestir eru heiðarlegir ... sem betur fer!

Á hverju ári eiga sér stað milljónir af færslum með greiðslukortum og sem betur fer ganga flestar þeirra vel. En jafnvel þó greiðslukort séu einn af öruggustu gjaldmiðlunum, getur það verið freistandi fyrir svikahrapp að reyna að nota stolið eða falsað kort í viðskiptum. Það getur komið fyrir, ef þú eða starfsfólk þitt veitið málum ekki nægilega eftirtekt, þegar þið takið við kortagreiðslum.

Það er hægt að komast hjá mörgum tilvikum korta-misnotkunar, ef þú og starfsfólk þitt fylgið leiðbeiningunum í þessum bæklingi. Gættu þess að starfsfólk þitt hafi haldgóðar upplýsingar um, hvornig þeir meta kort og hvað þeir eigi að gera vakni grunsemdir um, að verið sé að reyna að misnota kort.

Hvernig er hægt að misnota kort?

Nokkrar dæmigerðar orsakir misnotkunar eru:

- Eigandi kortsins hefur aldrei fengið kortið. Þ.e.a.s. svikahrappurinn hefur sjálfur undirritað kortið. Það getur verið erfitt að koma upp um þetta, en ef þú ert í vafa skaltu biðja um að fá að sjá persónuskilríki.
- Kortið hefur týnst eða því hefur verið stolið, þetta er algengasta misnotkunin. Þetta getur t.d. komið í ljós með því að PIN-númer er rangt, viðskiptavinurinn man ekki PIN-númerið eða með samanburði á undirritun á korti og kvittun. Biddu um að fá að sjá persónuskilríki ef þú ert í vafa.
- Kortið er falsað. Skoðaðu því kortið vel ef þú ert í vafa um að það sé ósvikið og biddu um að fá að sjá persónuskilríki með mynd.
- Kortið er falsað. Athugaðu hvort það eru ummerki um breytingar á kortinu, berðu saman kortanúmerið á kortinu og kortanúmerið á kvittuninni og biddu um að fá að sjá persónuskilríki.

Hvaða kortum getur þú tekið við?

Það besta sem þú getur gert, ef þú tekur við greiðslukortum, er að útvega þér PIN-númer posa með örgjörva. Þessi lausn tryggir best öryggi greiðslunnar og öll þau kort sem eru í greiðslukortasamningnum þínum má nota í posanum. Posann má líka nota bæði fyrir segulrandarfærslur (ef kortið er ekki með örgjörva eða ekki er hægt að lesa örgjörvann) og fyrir færslur með undirskrift (ef viðskiptavinurinn hefur ekki eða man ekki PIN-númer).

Þú þarft alla vega að láta setja upp PIN-númer- og örgjörva-posa í síðasta lagi 1. janúar 2011.

Eftirtalin kort er hægt að nota með PIN-númeri og geta verið með örgjörva:

- MasterCard
- Maestro
- Visa
- Visa Electron
- V PAY (eru alltaf með örgjörva og PIN-númeri)
- JCB

Veittu því athygli, að sumir viðskiptavinir nota ekki PIN-númerið eins oft og aðrir. Það er því ekki alltaf ástæða til grunsemda, þó viðskiptavinurinn muni ekki PIN-númerið sitt. Biddu hugsanlega um að fá að sjá persónuskilríki, þegar þú tekur við kortinu.

Hverju áttu að gæta að?

Athugaðu, að ekki hafi verið reynt að breyta upphleyptum texta kortsins, ef kortið er með upphleyptum texta.

Athugaðu, hvort kortið er með heilmýnd og merki viðeigandi fyrirtækis - MasterCard, Visa, V PAY og JCB.

Athugaðu hvort kortið er undirritað í reitinn þar sem undirritun á að vera (á aðeins við um kort sem notuð eru með undirritun).

Athugaðu hvort það sem prentað er neðanmáls í undirskriftareit sé í samræmi við kortagerðina.

Svona sannreynir þú kortið

Ef kortið er ekki notað með PIN-númeri, eða framkoma viðskiptavinarins að öðru leyti virkar grunsamleg, áttu að skoða kortið nánar:

- Virðist kortið eðlilegt? Mörg fölsuð kort eru léleg eftirgerð af réttum kortum. Er heilmynd á kortinu? Heilmyndir eru þrívíðar og eiga að hreyfast, þegar þú snýrð kortinu upp og niður.
- eru fyrstu fjórar tölurnar í kortanúmerinu þær sömu og þær 4 tölur sem eru prentaðar á kortið beint fyrir neðan kortanúmerið? Veittu því athygli að það eru ekki öll kort sem eru með þrykkt kortanúmer (t.d. Maestro, Visa Electron og V PAY, sem alltaf á að lesa rafrænt).
- Athugaðu nafnið á kortinu. Er t.d. karlmaður að reyna að greiða með korti sem er skráð á kvenmannsnafn? Veittu því athygli að það eru ekki öll kort sem eru með upphlypt eða prentuð nöfn (t.d. V PAY, sem alltaf krefst þess að notað sé PIN-númer).
- Athugaðu undirritunina. Er hún í samræmi við nafnið á kortinu? Veittu því athygli að það eru ekki öll kort sem eru með undirritun (t.d. V PAY, sem alltaf krefst þess að notað sé PIN-númer).

Svona athugar þú framkomu viðskiptavinarins

Hér eru tiltekin nokkur af þeim atriðum sem geta verið vísbendingar um, að viðskiptavinurinn reyni að greiða með stolnu eða fölsuðu greiðslukorti. Vertu því á verði, ef viðskiptavinurinn kemur fram með eftirfarandi hætti:

- Staðhæfir viðskiptavinurinn að hann/hún hafi ekki PIN-númer eða muni það ekki?
- Virðist viðskiptavinurinn taugaóstyrkur?
- Verslar viðskiptavinurinn fyrir háar upphæðir, t.d. margar vörur á stuttum tíma án þess að skoða verð o.þ.h.?
- Óskar viðskiptavinurinn eftir að fá vöruna afgreidda strax, jafnvel þó um sé að ræða stórar vörur?
- Reynir viðskiptavinurinn að greiða með öðru korti, ef korti er hafnað?

Þetta getur verið merki um, að viðskiptavinurinn reyni að greiða með stolnu korti. Þú átt því alltaf að biðja um persónuskilríki, áður en þú framkvæmir færsluna. Ef þú ert í vafa um hvort kortið sé ekta, eða hvort það sé eigandi kortsins, sem notar það, þá skaltu biðja um að fá að sjá persónuskilríki.

Ef þú ert enn óörugg(ur) um hvort þú eigir að taka við kortinu, skaltu hringja í Korta í síma 5588000.

Grunur um óheimilaða notkun korts

Ef þig grunar eða þú færð staðfestingu á, að um óheimila notkun korts sé að ræða, eða þú færð á einhvern annan hátt staðfest eða grun um að um misnotkun sé að ræða, áttu strax að setja þig í samband við lögreglu og Korta.

Ef þú færð staðfestingu á, að um er að ræða óheimilaða notkun korts, reyndu þá að taka kortið í þína vörslu. Öryggi þitt er þó ævinlega það sem er mikilvægast.

Mundu, að góð lýsing getur hjálpað lögreglunni mikið. Skrifaðu ef til vill lýsingu á viðskiptavininum, t.d.:

- Aldur, hæð, líkamsbygging
- Þjóðerni
- Andlitsdrættir (augu, nef og munnur)
- Háralitur og hárgreiðsla (dökkt/ljóst, stutt/sítt, hrokkið/slétt)
- Rödd (hreimur, björt/djúp)
- Klæðaburður (merki og litir)
- Sérstök einkenni (gleraugu, skegg, ör, tattó)
- Hugsanlega bíltegund og skráningarnúmer

Kortabjónustan, Skipholt 50b, 105 Reykjavík, Sími: 5588000, fax: 5588001, korta@korta.is

